

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

Samráðsgátt

08.10.2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum.

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) vísa til frumvarps til laga sem breyta á umferðarlögum nr. 77/2019 sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda þann 24. september síðastliðinn. Frumvarpið gerir m.a. ráð fyrir að ráðherra verði heimilt að undanskilja tiltekna ökutækjaflokka skráningar- og þar með skoðunarskyldu.

SFF vilja minna á að samkvæmt lögum um ökutækjategyggingar nr. 30/2019 þá fylgir að meginreglu váttryggingarskylda einnig skráningarskyldunni þegar kemur að ökutækjum.

Umferðarlög nr. 77/2019 og lög um ökutækjategyggingar nr. 30/2019 eru hvoru tveggja nýleg löggjöf sem liggur hjá sitt hvoru ráðuneytinu en SFF telja þörf á betri samlestri bálkanna og þeirra reglugerða sem sækja stoð sína til þeirra til skýringar á ýmsum atriðum sem skapa ákveðna réttaróvissu í dag.

72. grein umferðarlaga nr. 77/2019 hljóðar svo:

72. gr. Skráning.

Eigandi (umráðamaður) vélknúins ökutækis ber ábyrgð á skráningu þess í ökutækjaskrá og að skráningarkerki sé sett á það áður en það er tekið í notkun. Sama á við um eftirvagn vélknúins ökutækis.

Í reglugerð sem ráðherra setur skal kveðið á um undanþágu frá skráningu ökutækis sem ætlað er til aksturs á afmörkuðum, skilgreindum svæðum, svo og ökutækis sem ætlað er til aksturs utan almennrar umferðar, og hvar nota megi ökutækið.

Ráðherra setur enn fremur í reglugerð nánari ákvæði um skráningu ökutækis í ökutækjaskrá, svo sem um:

a. tilkynningu eigendaskipta,

b. skráningarkerki, m.a. um útlit, gerð og framleiðslu,

c. skráningarskírteini,

d. tímabundinn akstur skráningarskylds ökutækis án skráningar,

e. afskráningu ökutækis og heimild Samgöngustofu til afskráningar þess,

f. tímabundna notkun ökutækis, sem skráð er erlendis, hér á landi,

g. skráningu ökutækis í eigu erlends ríkis,

h. umráðamann ökutækis, réttindi hans og skyldur, og

i. skráningu ökutækis sem ætlað er til aksturs á afmörkuðum, skilgreindum svæðum.

Heimilt er að skrá breytingalás á ökutæki í ökutækjaskrá. Breytingalás takmarkar heimildir til nýskráningar, skráningar eigendaskipta og/eða skráningar ökutækis í umferð. Ráðherra setur í reglugerð nánari reglur um framkvæmd skráningar breytingalása, þar á meðal um það hvers konar breytingalása heimilt er að skrá, hvaða áhrif þeir hafa á skráningar, hverjir geta farið fram á skráningu breytingaláss og að hvaða skilyrðum uppfylltum megi aflétta slíkum skráningum.

Úr athugasemdum með 72. gr. umferðarlaga:

Greinin fjallar um skráningarskyldu ökutækja. Lagt er til að breytt verði fyrirkomulagi 63. gr. gildandi laga þannig að í 1. mgr. verði byggt á því meginstefnumiði að öll vélknúin ökutæki séu skráningarskyld, þ.e. bifreið, bifhjól, dráttarvél, vinnuvél og torfærutæki að undanskildum léttum bifhjólum í flokki I.

Sérstök athygli er vakin á því að í samræmi við 1. mgr. er gert ráð fyrir að allir eftirvagnar verði skráningarskyldir en ekki einungis þeir sem gerðir eru fyrir meira en 750 kg að heildarþyngd eins og er samkvæmt gildandi lögum. Visast til skilgreiningar 3. gr. um hugtakið eftirvagn. Með þessu fyrirkomulagi er lagður grundvöllur að vátryggingarskyldu ökutækja sem miðast fyrst og fremst við notkun þess en ekki eiginleika eða tegund. Þannig má ætla að vinnuvélar sem ætlaðar eru til aksturs í umferð falli undir 1. mgr. en þær vinnuvélar sem notaðar eru utan almennrar umferðar falli undir reglugerðarákvæði 2. mgr.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að ráðherra setji í reglugerð ákvæði um þau ökutæki sem eigi þurfi að skrá, en eftirvagn bifreiðar á beltum eða dráttarvélar sem alfarið eru notaðar utan vega og ökutæki sem ætluð eru til aksturs á afmörkuðum skilgreindum svæðum og ekki til notkunar í almennri umferð falla undir 2. mgr.

SFF geta ekki skilið þessa grein og skýringar á annan hátt en að þær vinnuvélar (sem teljast allar vélknúin ökutæki sbr. skilgreiningu umferðarlaga) sem hægt er að aka í umferð séu skráningarskyldar. Lög um ökutækjategyggingar skilgreina svo hugtakið ökutæki sem þau ökutæki sem eru skráningarskyld skv. umferðarlögum hverju sinni.

Í II kafla laga um ökutækjategyggingar er fjallað um skaðabótaábyrgð vegna tjóns, grundvöll ábyrgðar, ábyrgðina sjálfa og fleira. Þennan kafla má skilja svo að eigendur/umráðamenn vinnuvéla sem hægt er að aka í umferð beri ábyrgð skv. honum, sem sagt hlutlæga ábyrgð á tjóni sem hlýst af notkun þess.

II. kafli. Skaðabótaábyrgð vegna tjóns.

■ 4. gr. *Grundvöllur ábyrgðar.*

- Eigandi (umráðamaður) ökutækis skal bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns.
- Eigandi (umráðamaður) ökutækis sem notað er til dráttar er skaðabótaskyldur ef tjón hlýst af þegar það dregur annað ökutæki. Tjón á ökutæki sem er dregið af öðru ökutæki vegna björgunarstarfa er undanskilið bótaábyrgð skv. 1. másl. ef sannanlegt samþykki eiganda (umráðamanns) liggur fyrir.
- Þegar ökutæki dregur eftirvagn eða annað tæki er fest við það telst það vera ein heild og eigandi (umráðamaður) ökutækisins er ekki skaðabótaskyldur ef tjón verður á eftirvagninum eða tækinu.
- Bætur fyrir líkamstjón eða vegna missis framfæranda má lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni eða lést var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.
- Bætur fyrir tjón á munum má lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur að því af ásetningi eða gáleysi.

■ 5. gr. *Skipting tjóns.*

- Ef tjón hlýst af árekstri ökutækja skiptist tjónið á þau í réttu hlutfalli við sök þeirra sem hlut eiga að

máli og með hliðsjón af atvikum öllum.

■ 6. gr. *Ábyrgð.*

Eigandi ökutækis ber ábyrgð á því og er fébótaskyldur skv. 4. og 5. gr. Ef umráðamaður er skráður í ökutækjaskrá ber hann ábyrgðina og er fébótaskyldur skv. 4. og 5. gr. Fébótaskyldan færast þó yfir á þann sem notar ökutækið í algeru heimildarleysi.

Auk ábyrgðar skv. 1. mgr. fer um bótaábyrgð eftir almennum skaðabótareglum.

■ 7. gr. *Undanþága.*

Ákvæði 4.–6. gr. gilda ekki um létt bifhjól í flokki I samkvæmt umferðarlögum.

Þriðji kafli laga um ökutækjatrýggingar kveður svo á um vátryggingarskyldu ökutækja þar sem sérstaklega er tekið fram í 11. gr. þess kafla hvaða undanþágur eru gerðar frá vátryggingarskyldu:

11. gr. *Undanþága frá vátryggingarskyldu.*

Létt bifhjól í flokki I samkvæmt umferðarlögum eru undanþegin vátryggingarskyldu skv. 8.–10. gr.

Ökutæki sem eru eingöngu ætluð til aksturs utan vega eða í brautum og skráð eru sem torfærutæki eru undanþegin vátryggingarskyldu skv. 9. gr.

Reglugerð um ökutækjatrýggingar nr. 1244/2019 inniheldur hins vegar undanþágu fyrir vinnuvélar frá vátryggingarskyldu sem lög um ökutækjatrýggingar orða ekki.

3. gr.

Undanþága frá vátryggingarskyldu.

Eftirvagnar og vinnuvélar sem eru skráningarskyld samkvæmt umferðarlögum eru ekki vátryggingarskyld samkvæmt lögum um ökutækjatrýggingar.

Eins og sjá má þá virðist staðan í dag vera sú að vinnuvélar sem nota má í almennri umferð séu skráningarskyldar sbr. umferðarlög, eigendur/umráðamenn þeirra beri mögulega hlutlæga ábyrgð á tjóni sem rakið verður til notkunar þeirra sbr. lög um ökutækjatrýggingar en þurfi ekki að tryggja þær sbr. undanþágu frá vátryggingarskyldu sem reyndar má einungis má finna í reglugerð. SFF telja að þörf sé á að framangreint sé skoðað áður en frumvarp sem þetta verður lagt fram á Alþingi.

Virðingarfyllt,

F. h. Samtaka fjármálafyrirtækja.



Samtök
fjármálafyrirtækja

Margrét Arnheiður Jónsdóttir, lögfræðingur